



NEYTENDASTOFA

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 04.06.2010
Tilv. 2010/0687, 532 - 0.0.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 33/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, 532. mál.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis, dags. 28. maí 2010, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, þskj. 921 – 532. mál.

Neytendastofa þakkar fyrir tækifæri til að tjá sig um frumvarpið og gerir engar athugasemdir við efni þess. Stofnunin vill þó benda á að hún hefur almennt eftirlit með auglýsingum sbr. ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Í 16. gr. d. laganna segir:

„Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarendi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúðarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglýsingaspjöldum, auglýsingum, reikningum, vöruskrám eða öðrum verslunarskjölum.“

þá segir í 2. mgr. sömu greinar:

„Við framboð vöru, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota íslenska ríkisskjaldarmerkið, þá er óheimilt að nota í heimildarleysi íslensk byggðamerki, svo og erlend ríkis- eða byggðamerki.“

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Mattildur Sveinsdóttir
Mattildur Sveinsdóttir